

Ráðherranefndartillaga um nýja samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir

1. Samantekt

Norrænt samstarf byggist á sameiginlegum gildum og svipaðri samfélagsgerð landanna. Menntamál, rannsóknir, tungumál og menningarsamskipti eru mikilvæg samstarfssvið og hreyfanleiki er talinn einn helsti kostur norrænnar samvinnu. Þetta kemur fram í skýrslunni „Dýrmætt samstarf“ um niðurstöður skoðanakönnunar sem Norræna ráðherranefndin lét gera meðal almennings á Norðurlöndum á árinu 2017. Norrænt samstarf um viðfangsefni ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir nýtur því almenns stuðnings, einnig það samstarf sem fram fer utan ramma formlegs samstarfs ríkisstjórnanna.

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir leggur hér með fram endurskoðaða samstarfsáætlun á sínu sviði. Framtíðarsýnin í norrænu samstarfi um menntamál og rannsóknir er sú að Norðurlöndin eigi hér eftir sem hingað til að vera leiðandi á sviði þekkingar og velferðar.

Áætlunin markar stefnuna í samstarfi ráðherranna á sviði menntamála, rannsókna og tungumála á næstu fjóru árum. Í áætluninni er lýst þeim þeimum sem ráðherrarnir vilja veita sérstaka athygli og verða þau rædd reglulega með hliðsjón af nýjum pólitískum áherslum. Sviðið mun vinna eftir því sem við á að eftirfylgni framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2020 um að Norðurlöndin eigi að verða sjálfbærasta og best samþætta svæði heims.

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir mun leggja fram greinargerð um framvindu samstarfsáætlunarinnar á þingi Norðurlandaráðs 2021.

2. Skýring

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir vann á árunum 2017–2019 viðamikil stefnumótunarstarf á sviði menntamála, rannsókna og tungumálasamstarfsins. Þá var ný framtíðarsýn fyrir samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar samþykkt á fundi forsætisráðherranna þann 20. ágúst 2019.

Ráðherranefndin vann á þeim grundvelli þá endurskoðuðu samstarfsáætlun sem hér liggur fyrir.

Í þeirri vinnu leitaði ráðherranefndin eftir álit Norðurlandaráðs og hlutaðeigandi fagsviða Norrænu ráðherranefndarinnar. Tekið er tillit til ýmissa hugmynda sem þar komu fram í nýrri samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar.



3. Tillaga

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir hefur með sér samstarf á þremur stefnumarkandi sviðum en þau eru menntamál, rannsóknir og tungumál. Samstarfsáætlunin er almenns eðlis og skapar nauðsynlegt svigrúm fyrir þróun og sveigjanleika við gerð framkvæmdaáætlana og aðgerðaáætlana. Hún veitir jafnframt sveigjanleika sem fjármögnunaraðilar eins og Norræna rannsóknaráðið (NordForsk) og Nordplus þurfa til að geta forgangsraðað út frá gæðamati.

Menntamál

Menntun er grundvöllur samkeppnishæfra og félagslega sjálfbærra Norðurlanda sem byggjast meðal annars á þekkingu, nýsköpun og hreyfanleika. Menntun á einnig þátt í að stuðla að samfélagi byggt á gildum velferðar og þar sem enginn er skilinn eftir.

Norrænt samstarf um menntamál byggir á grunnhugmyndinni um ævinám og færni til framtíðar. Samstarfið nær til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, námsfullorðinna og alþýðufræðslu auk æðri menntunar.

Í endurskoðaðri samstarfsáætlun er meðal annars lögð skýrari áhersla á fyrri þverfagleg verkefni (t.d. um tungumál, aðlögun, rými fyrir alla og lýðræðislega borgaravitund), þróun Nordplus og Norrænu meistaranámsáætlunarinnar með hliðsjón af áætlunum ESB um menntamál og rannsóknir og þörfinni á hreyfanleika innan Norðurlandanna. Einnig má nefna myndun samstarfsneta, þróunarverkefni og skipulegt samstarf milli stofnana, viðurkenningu á menntun og starfsréttindum og stafræn umskipti í menntamálum, þar á meðal að skiptast á góðum starfsvenjum á sviði nýrrar kennslufræði og að aðgangur að námi verði sveigjanlegri.

Verkefnið „Nordisk 0-24“ er dæmi um hvernig ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir veitir fé til úrlausnar á margslungnum samfélagsvandamálum. Verkefnið felst í þverlægu samstarfi um börn og ungmenni í áhættuhópum á aldrinum 0–24 ára og fjallar meðal annars um hvernig hægt er að sporna gegn brottfalli úr námi.

Norræna samstarfsnetið um fullorðinsfræðslu (NVL) og Nordplus bjóða fullorðinsfræðsluaðilum til samstarfs um mál sem eru í verkahring ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir. Í því sambandi er einnig unnið að ýmsum verkefnum sem tengjast aðlögun og námi fullorðinna almennt.

Þorri fjárveitinga ráðherranefndarinnar til menntamála rennur til Nordplus-áætlunarinnar. Nordplus á þátt í að fjármagna norræn og norræn-baltnesk þróunarverkefni, samstarfsnet og mannaskipti. Á hverju ári taka um níu þúsund nemendur, námsmenn og kennarar þátt í mannaskiptum sem Nordplus fjármagnar. Einn vinsælasti þáttur áætlunarinnar er Nordplus Junior sem veitir styrki til bekkjaheimsókna og kennaraskipta. Nordplus-áætlunin forgangsraðar ekki en ákveður áherslusvið til tveggja ára í senn. Áherslusviðin „aðlögun“ og „stafræn færni og stafræn verkefnalausn“ hafa átt þátt í að vekja athygli á þessum málefnum og leitt af



sér mörg áhugaverð verkefni. Í október 2019 mun áætlunarnefnd Nordplus taka ákvörðun um nýtt áherslusvið Nordplus fyrir tímabilið 2021–2022.

Rannsóknir

Þekking byggð á vísindalegum grunni er grundvöllur þess að geta skapað sjálfbæra þróun á öllum sviðum samfélagsins og stuðla á þann hátt að grænum umskiptum, samkeppnishæfni, hagvexti og félagslega sjálfbærum samfélögum. Ráðherranefndin vill stuðla að því að Norðurlöndin verði leiðandi þekkingarsvæði í heiminum og skiptist á reynslu af sviði rannsóknarstefnu.

Norræna rannsóknaráðið (NordForsk) er stofnun á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir sem hefur samstarf við fjármögnunaraðila rannsókna í löndunum. Samstarfið eykur gæði norræna rannsókna og vekur athygli á þeim með viðamiklum og þervísindalegum rannsóknaáætlunum sem spanna fleiri svið. Reglan er sú að NordForsk leggur til einn þriðjung fjármögnunar rannsóknaverkefna en löndin leggja til tvo þriðjunga.

Allt frá árinu 2011 hefur NordForsk hleypt af stokkunum stefnumiðuðum áætlunum sem bregðast við ýmsum samfélagsáskorunum. Mörg þeirra hljóma kunnuglega í eyrum Norðurlandaráðs: Öndvegisrannsóknaverkefni á sviði loftslags-, orku- og umhverfismála, rannsóknaáætlun á sviði heilbrigðis- og velferðarmála, málefni norðurskautssvæðisins, samfélagsöryggi, jafnréttismál, grænn hagvöxtur, lífhagkerfi og nifteindarannsóknir. Auk þess má nefna norrænt samstarf um lífsýnasöfn, skrár með félagslegum upplýsingum, klínískar fjölsetrarannsóknir, rafræn vísindi og rafræna innviði. Nýlega hófust eftirfarandi áætlanir: Sjálfbær borgarþróun og snjallar borgir, þervísindalegar rannsóknir og stafræn umskipti í opinberum geira. Rannsóknasamstarf ráðherranefndarinnar á vettvangi NordForsk nær á þann hátt yfir svið sem varða í miklum mæli aðrar fagráðherranefndir og bregst við vanda og forgangsröðun sem er ofarlega á pólitískri dagskrá Norrænu ráðherranefndarinnar.

Tungumál

Á Norðurlöndum teljast öll tungumál jafngild þrátt fyrir að þau gegni ekki öll sama hlutverki. Tungumálasamstarfið á að leggja áherslu á málefni sem eru ofarlega á baugi í löndunum. Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir hóf vinnu árið 2019 með því markmiði að greina hvar hagsmunir Norðurlandanna fara saman á sviði tungumála. Sú vinna er liður í ferli sem mun ef til vill leiða til endurskoðunar á norrænu tungumálayfirlýsingunni. Vinnan fer fram í samráði við menningarsviðið og með þátttöku ungs fólks.

Tungumálasamstarfið hefur um nokkurt skeið snúist um grannmálaskilning barna og ungmenna á dönsku, norsku og sænsku. Í nýrri samstarfsáætlun er breiddin í tungumálasamstarfinu orðin meiri. Hún nær til allra samfélagsbærra tungumála á Norðurlöndum og fjallar um tengslin milli tungu og menningar, breyttra samskipta-leiða og málnotkunar (t.d. með hliðsjón af áhrifum ensku og tækninýjunga). Á tímabilinu 2019–2021 verður fjallað um fámenn tungumál og hvernig menntun getur eftir þau og endurlífgað. Áætlun um tungumálanámskeið býður upp á námskeið



Í kennslufræði grannmála fyrir kennaranema, um tungumál Norðurlanda, kennslufræði tungumála, bókmenntir og menningu fyrir kennara og námskeið í og um samfélagsbær tungumál Norðurlanda fyrir kennaranema.

Í undiráætluninni Nordens språk var á árinu 2018 farið að leggja greinilegri áherslu á samfélagsbær tungumál og táknmál á Norðurlöndum. Áætlunin styrkir gerð kennsluefnis, vefsíður, ráðstefnur og aðra starfsemi sem tengist norrænu tungumála-samstarfi.

4. Börn og ungmenni, jafnrétti og sjálfbær þróun

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir hefur löngum lagt áherslu á börn og ungmenni, jafnrétti og sjálfbæra þróun. Í nýrri samstarfsáætlun kemur þetta skýrt fram.

Margmiðið er að öll börn og ungmenni, drengir og stúlkur, eigi kost á námsumhverfi þar sem þau geta dafnað andlega og líkamlega, þar sem félagslegur uppruni skiptir minna máli og öllum gefst tækifæri til að læra og þroskast alla ævi.

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir leggur í starfi sínu áherslu á sjónarmið jafnréttis og fjölbreytileika (t.a.m. kyn, aldur, uppruna og kynhneigð) og sjónarmið er varða fötlun þegar það á við. Með fjárveitingu frá NordForsk hófst rannsóknáætlunin „Gender in the Nordic Research and Innovation Area“ á haustdögum 2016. Áætlunin fjármagnar tvö öndvegisrannsóknasetur (Nordic Centres of Excellence) til fimm ára og eru þau á heimsmælikvarða.

Samstarfsáætlunin felur einnig í sér marghliða tengingar, þar á meðal við heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun þegar það á við, meðal annars hvað varðar menntamál og rannsóknir.

5. Samstarfið/skipulag

Skipurit Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir verður áfram einfalt: Engar fastanefndir eða ráðgjafarhópar starfa á vegum embættismannanefndarinnar en sérstakir vinnuhópar eru skipaðir þegar þörf krefur. NordForsk er eina stofnunin sem starfar á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir og Nordplus-áætlunin er stærsta áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði ævináms. Samstarfsnetið um nám fullorðinna (NVL) og Áætlunin um tungumálanámskeið (PSK) leysa sérstök verkefni fyrir eyrnamerkt fé á sínum sviðum. Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) ber meginábyrgð á tungumálasamstarfinu en ráðherranefndin um menningarmál (MR-K) ber ábyrgð á sínu sviði.

6. Fjárhagsáætlun

Samkvæmt 15. gr. í „Menningarsamningi Norðurlanda“ hefur ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir ráðstöfunarrétt yfir fé innan síns fjárlagaramma. Árið 2019 nemur ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir 222.086 DKK í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Stór hluti fjárens rennur gegnum NordForsk og Nordplus-áætlunina til fjármögnunar á norrænu samstarfi



innan ólíkra fagumhverfa á sviði rannsókna og menntamála. Tillagan felur ekki í sér miklar breytingar á því hvernig féð skiptist innan geirans.